



Fornleifaskráning á skógræktarsvæði að Keldhólum á Völlum, Múlaþingi



Rannveig Þórhallsdóttir

2025

Forsíðumynd. Horft til norðausturs yfir selminjar í landi Keldhóla. Drónamynd: Ólafur Örn Pétursson.




© Rannveig Þórhallsdóttir

Unnið fyrir landeigendur að Keldhólum.

Apríl 2025

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
SKRÁNINGARSVÆÐIÐ	5
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	6
SÖGULEGT YFIRLIT	8
KELDHÓLAR	9
FORNLEIFAR	12
3405-1. <i>Gata. Leið</i>	12
3405-2. <i>Gata. Leið</i>	13
3405-3. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	13
3405-4. <i>Tóft. Kvíar</i>	13
3405-5. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	14
<i>Selminjar í Seli</i>	15
3405-6. <i>Garðlag. Túngarður</i>	16
3405-7. <i>Garðlag. Túngarður</i>	16
3405-8. <i>Tóft. Ópekkt</i>	17
3405-10. <i>Tóft. Ópekkt</i>	19
3405-11. <i>Tóft. Ópekkt</i>	20
3405-12. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	20
3405-13. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	21
3405-14. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	21
3405-15. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	22
3405-16. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	22
3405-17. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	22
3405-18. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	23
3405-19. <i>Gata. Leið</i>	23
3405-20. <i>Gata. Leið</i>	24
3405-21. <i>Gata. Leið</i>	25
3405-22. <i>Gata. Leið</i>	25
3405-23. <i>Gata. Leið</i>	26
3405-24. <i>Gata. Leið</i>	27
3405-25. <i>Gata. Leið</i>	27
3405-26. <i>Niðurgroftur. Kolagröf</i>	28
3405-27. <i>Gata. Leið</i>	28
3405-28. <i>Gata. Leið</i>	28
NÍÐURSTAÐA	30
HEIMILDIR	31
VIÐAUKI I. ÁHRIF VEGNA TÍLEFNIS	32
VIÐAUKI II. MÍNJAÐKORT	34



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðis merkt inn með bláu staðsetningarkerki. Kort: Landupplýsingagátt.

Abstract


Archaeological registration nr. 3405 was done in March 2025 by Rannveig Þórhallsdóttir at Sagnabrunnur, regarding afforestation plan of the landowners at Keldhólar in Vellir, Múlaþing. Twenty-eight archaeological remains were found within the registration area. Twenty-four of them were considered to be in danger. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Skráningarsvæðið

Á jörðinni Keldhólum á Völlum, Múlaþingi, eru uppi áætlanir að planta skógi í um 37 ha landi, á tveimur svæðum sem eru afmörkuð með rauðum flákum á mynd 1. Það land sem áætlað er að planta í er að hluta til klettótt og rofið, en er einnig í mýr- og mólendi.

Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur hjá Sagnabrunni ehf., var ráðin til að skrá og mæla upp fornleifar innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis.

Arne Hellwig var fulltrúi verkkaupa (landeigenda). Farið



Mynd 2. Skógræktarsvæðið afmarkað með rauðum flákum.

var á vettvangi í fallegu vetrarveðri og hlýindum þann 25. mars 2025. Voru fornleifar mældar upp með Trimble Nomad 5 og ljósmyndir teknar á Canon EOS 250D. Einnig voru drónamyndir teknar á Autel EVO II Pro af Ólafi Erni Péturssyni. Allt svæðið var gengið. Verkið fékk verkefnanúmerið 3405 hjá Minjastofnun.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og reglum nr. 620/2019 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en gengið er frá leyfi til framkvæmda vegna aðal- eða deiliskipulags. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir og skoða skipulagssvæði á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða geti leynst undir sverði. Nýrækt skóga getur haft í för með sér umbyltingu lands og þar með raskað einstökum fornleifum sem þar kunna að vera. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf því að skrá fornleifar í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur þeirra færðar inn á uppdrátt fyrirhugaðs skógræktarsvæðis svo að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Friðun þýðir að óheimilt er að raska, hylja eða á nokkurn hátt breyta fornleifum nema með leyfi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem Minjastofnun kann að setja. Með því að skrá fornleifar er hægt að taka fullt tillit til þeirra innan skógræktarsvæðis og koma í veg fyrir að þær verði fyrir skemmdum. Allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eru eldri en 100 ára, eru friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir hins vegar 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Í 3. mgr. 3. gr. nr. 80/2012 eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. laga nr. 80/2012 er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgrefti eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. laga nr. 80/2012 og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að góðum notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess nýtist hún í rannsóknum og kynningum. Finnist merkar minjar í fornleifaskráningunni opnast möguleikar við að kynna og nýta minjar á svæðinu. Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér

ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. laga nr. 80/2012. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 80/2012 segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Sögulegt yfirlit

Rýnt var í heimildir um jörðina til að finna vísbendingar um fornleifar, til að mynda *Landnámu, Sveitir og jarðir í Múlaþingi, Kuml og haugfé, Sýslu- og sóknalýsingar*, sem og við skoðun á túnakortum, jarðabókum og örnefnaskrá. Einnig voru skoðaðar eldri fornleifaskráningar sem unnar hafa verið í nágrenninu.¹

Unalækur er í nágrenni Keldhóla. Talið er Uni danski hafi átt landnám sem náði að Unalæk.² Kumlfundir á bæjum í nágrenni, s.s. Stóra-Sandfelli, Eyrarteig (Þórisá) og Vaði í Skriðdal, benda til þess að búseta hafi hafist á svæðinu á landnámstíma.³ Útnyrðingsstaðir, næsti bær við Keldhóla, er talinn vera sá bær sem nefnist í Droplaugarsona sögu Öngulsá. Þar bjó Hjarrandi, tengdasonur Helga Ásbjarnarsonar, sá er best snyrti munn Helga Droplaugarsonar í orrustunni við Kálfshól. Talið er að jörðin hafi farið í eyði í Svartadauða og hafi eftir það heitið

¹ Guðný Zoëga. (2023). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Unalækjar á Völlum, Múlaþingi.“ Rannsóknarskýrslur 2023/6; Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). Fornleifaskráning vegna hituveitulagna á Völlum, Múlaþingi. Sagnabrunnur.


² Örnefnaskrá Keldhóla, 1992, bls. 3.

³ Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. Þjóðminjasafn Íslands*, bls. 230-2324

Útnyrðingsstaðir.⁴ Hálfkirkja var að Eyjólfstöðum sem var vígð árið 1314 sem var þjónandi fram yfir siðaskipti og önnur á Ketilsstöðum sem komið var á fljótlega fyrir siðaskipti.⁵ Vallaneskirkja er einnig í nágrenninu.⁶

Keldhólar

Elstu heimildir sem fundust um jörðina er í jarðamati frá 1804.⁷ Minjarnar sem fundust í landi Keldhóla eru þó líklega eldri en elstu heimildirnar um jörðina ná til, enda byggðust Keldhólar út sem hjáleiga út frá Ketilsstöðum. Ketilsstaða er getið í Landnámu og máldaga Oddgeirs biskups fyrir Jóns kirkju í Vallanesi frá 17. júlí 1367.⁸ Þar segir að kirkjan eigi skógarteig í landi Ketilsstaða. Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Vilchins frá 1397 um Vallaneskirkju.⁹ Hugsanlega er um sama forna skóg að ræða og er talinn hafa staðið á Timburhöfða í landi Keldhóla.



Mynd 3. Túnakort Keldhóla frá 1919.

Í gömlum heimildum er bærinn nefndur Kelduhólar. Keldhólar voru metnir 5 forn hundruð í Jarðatali Johnsen og 7,7 hundruð árið 1861.¹⁰ Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849-1850 segir að túnið sé í lakara lagi en skógur sé til eldiviðar.¹¹ Samkvæmt *Sveitum og jörðum* er fjöldi kolagrafa í landinu sem vitnar um horfinn skógargróður. Þar er einnig sagt frá tveimur friðuðum spildum þar sem birki þýtur upp.¹²

⁴ Ármann Halldórsson. (1975). Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 130 og 182-183.

⁵ Ármann Halldórsson. (1975). Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 127.

⁶ Finnur N. Karlsson o.fl. (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands, bls. 297-310.

⁷ Jarðamat 1804: Keldhólar á Völlum. Merkt A.5.a.84. Þjóðskjalasafn Íslands.

⁸ Ármann Halldórsson. (1975). Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 176-177; Íslenzkt fornbréfasafn III, bls. 237-238.

⁹ Íslenzkt fornbréfasafn IV, bls. 204-207.

¹⁰ Ármann Halldórsson. (1975). Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 181; J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, bls. 370;

¹¹ Jarðamat 1849-1850. A.5.b.10a-h. Þjóðskjalasafn Íslands.

¹² Ármann Halldórsson. (1975). Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 130 og 181; Örnefnaskrá Keldhóla, 1970.

Í landinu skiptast á holt og mýrar. Bærinn stendur norðan til á þyrpingu lágra hóla, á milli Lönguhlíðar og Útnyrðingsstaða, um 1 km austur af Þjóðvegi. Í *Sveitum og jörðum* segir að gömlu túnin hafi verið á sex harðlendum en grasgefnum hólum. Þeir voru greiðfærir ofan til en lautir þýfðar og á milli hólanna lá mjög blautt mýrarsund.¹³ Í sýslu- og sóknalýsingum Múlasýslu, nánar tiltekið þýðingu á texta J.C. Voigt frá 30. desember 1842, er getið um 30 álna langa brú sem liggur í gegnum mýri í landi Keldhóla.¹⁴ Í örnefnaskrá segir að Fjárhúsmýri sé kelda sú er bærinn dregur nafn af.¹⁵

Sögn er, en engin vissa fyrir, að afbýli hafi verið á svonefndum Hjáleiguhóli sunnarlega í túni Keldhóla. Malkofahóll er einnig í túni. Á honum stóð malkofi, þ.e. geymsla fyrir reyktan mat og súrmeti. Nafnið er dregið af orðinu málpoki. Í örnefnaskrá Keldhóla segir að frá Malkofahóli hafi verið mjög víðsýnt og sést til 20-30 bæja. Á rústum hans reisti séra Þorvarður Brynjólfsson lambakofa um aldamótin 1900. Á bak við Malkofahól var Nátthagi, hlaðinn í hálfhring og hélt Þvottatjörnin að á eina hlið. Samkvæmt örnefnaskrá frá 1992 sáust ekki lengur ummerki um nátthagann. Smiðjuhóll var beint inn af miðri keldunni frá Þvottatjörn, þar var aðeins bunga árið 1992. Uppi undir brekkum bæjarins, í um 1 km fjarlægð frá Keldhólum, eru rústir sem benda til sels, tvær tættur og hringgarður í kring, um 80 m í þvermál. Þar voru beitarhús. Fjallað verður um selminjarnar hér á eftir. Sýnilegar minjar seytláveitu voru í túni á Hjáleiguhól og Langhóli og hlaðinn brunnur sunnan heimreiðar. Beitarhús voru á Hálsi. Sléttað var yfir allar útihúsarústir í gamla túninu á árunum 1947-1948.¹⁶ Um 1930 var grafin kýr við veginn að Útnyrðingsstöðum sem drapst úr miltisbrandi og blettur afgirtur í kring.¹⁷ Í *Sveitum og jörðum* segir að nú sé þar fallegur lundur uppvaxinn sem stækkaður var í 1 ha árið 1955. Árið 1965 setti Sigurður Kristinsson frá Keldhólum upp skógargirðingu í nágrenninu. Þvottur var skolaður í Þvottatjörn og þveginn þar ull, þó ekki eftir 1950.¹⁸

Á einokunartímabilinu 1602-1787 var Breiðavík við Reyðarfjörð verslunarstaður Vallamanna og var þá farið frá austanverðum Völlunum um Eyvindardal og Eskifjarðarheiði.¹⁹ Í *Sýslu- og sóknalýsingu Vallarnessóknar* frá 1840 segir að kaupstaðarleið Fljótsdals- og Skógarmanna til Eskifjarðar um Eskifjarðarheiði liggi fram hjá Vallarnesi, Ketilsstöðum og afbýlunum

¹³ Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 181.

¹⁴ Finnur N. Karlsson o.fl. (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands, bls. 275.

¹⁵ Örnefnaskrá Keldhóla, 1992, bls. 2.

¹⁶ Örnefnaskrá Keldhóla frá 1970; Örnefnaskrá Keldhóla frá 1992; Örnefnaskrá Keldhóla frá 1993; Örnefnaskrá Keldhóla, 2013.

¹⁷ Samkvæmt Örnefnaskrá Keldhóla frá 1992 drápust hestar úr miltisbrandi;

¹⁸ Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 130 og 181-182; Örnefnaskrá Keldhóla frá 1970, bls. 3-4; Örnefnaskrá Keldhóla frá 1992, bls. 1-3.

¹⁹ Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 127.

Keldhólum og Útnyrðingsstöðum, yfir Ketilsstaðaháls og ofan í Eyvindardal utarlega. Úr sókninni liggja einnig leiðir bæja á milli til Skóga, Skriðdals og Eiðabíngjár.²⁰ Á 19. öld var farið yfir Fjarðarheiði af Völlunum til að versla við kaupmenn á Seyðisfirði. Sumir bændur áttu þá báta og fluttu á þeim eftir Lagarfljóti frá Egilsstöðum, einkum Skógamenn.²¹

Á landamörkum Keldhóla og Ketilsstaða neðan við Háls er Hrossadalur. Ofan við hann er Vörðusteinn og þar upp af er Sniðgata, utan við Ketilsstaðabjarg. Heimildir eru um kornmyllu sem var hjá Myllulæk. Hún var notuð fram að fyrra stríði (um 1914).²² Myllulækur og örnefnið Myllutóft eru merkt inn á örnefnakort í um 100 m fjarlægð vestan við skráningarsvæðið. Völusteinn, grettistak, er uppi á ásnum í landi Útnyrðingsstaða. Á Timburhöfða er klettás þar sem talinn er hafa verið mikill skógur áður fyrr. Í Svarðarmýri er hægt að greina ummerki um svarðartöku, henni var hætt þegar Sigurður Kristinsson vissi til (fæddur 2. maí 1925).²³ Minjar um svarðartöku í Svarðarmýri eru í um 50 m fjarlægð við skráningarsvæðið og teljast því utan þess. Engar heimildir eru um friðlýstar fornleifar í landi Keldhóla.²⁴

²⁰ Finnur N. Karlsson o.fl. (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands, bls. 305-306.

²¹ Ármann Halldórsson. (1975). Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 127.

²² Örnefnaskrá Keldhóla frá 1970, bls. 3-4; Örnefnaskrá Keldhóla frá 1992, bls. 1-3, Örnefnaskrá Keldhóla frá 1993, bls. 1-3.

²³ Örnefnaskrá Keldhóla frá 1993, bls. 1.

²⁴ Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifaneind - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Fornleifar

Skráningarsvæðið skiptist í graslendi, mýrar, kletta, rofna meli og lyngmóa. Á vettvangi var að greina eini, sortuberja- og krækiberjalyng. Þar sem landið var rofið var víða hægt að greina grjót og 1875 gjósku í yfirborði. Á vettvangi fundust eftirfarandi fornleifar innan skráningarsvæðisins.

3405-1. Gata. Leið

Eins og getið er um hér að framan benda heimildir til þess að það liggja fornar leiðir um land Keldhóla.

Sunnan við Timburhöfðalæk er um 0,3-0,4 m breið leið [3405-1] sem liggur frá austri til vesturs í sinu og mólendi á um 250 m löngu svæði að Myllulæk og tengist þar leið [3405-2]. Leið [3405-1] liggur einnig þvert í gegnum leið [3405-23] sem liggur frá selminjum um Selgontu.



Mynd 4. Horft til vesturs yfir leið 3405-1.

3405-2. Gata. Leið

Sunnan við Timburhöfðalæk er um 0,3-0,4 m breið leið [3405-2] sem liggur frá austri til vesturs í mólendi að Myllulæk á um 430 m löngu svæði og tengist þar leið [3405-1].

Leið [3405-2] liggur einnig í gegnum leið [3405-23] liggur frá selminjum um Selgontu. Leið [3405-2] tengist leið [3405-21] sem liggur frá norðri til suðurs í gegnum Svarðarmýri og Spóabyggðir.



Mynd 5. Horft til vesturs yfir leið 3405-2.

3405-3. Niðurgröftur. Kolagröf

Vestan við leið [3405-2] er niðurgröftur [3405-3] í mólendi, sem virðist vera sporöskjulaga kolagröf, um 4,2 m löng frá A-V og um 3,2 m breið frá N-S. Innanmál kolagrafarinnar er um 1,8 m í þvermál. Kolagröfin er um 0,8 m djúp. Kolagröfin er þakin sinu og lyngi og í henni vex birkihrísla.



Mynd 6. Horft til vesturs yfir kolagröf 3405-3.

3405-4. Tóft. Kvíar

Austan við leið [3405-2] er vel gróin tóft [3405-4], þakin sinu, um 10x13 m, sem liggur NA-SV, með inngang til SA. Veggir tóftarinnar eru vel greinanlegir og um 0,3-0,4



Mynd 7. Horft til suðurs yfir 3405-4.

m háir og 1,5-2,3 m breiðir. Í örnefnaskrá Keldhóla frá 1992 segir: „Út og niður frá Seli er laut, kölluð Selgonta. Lítið tóftarbrott er á holti fyrir neðan Sel. Jón Kristinsson hefur heyrt, að þar hafi verið kvíar.“²⁵



Mynd 8. Leið 3405-2, kolagröf 3405-3 og kvíar 3405-4.

3405-5. Niðurgröftur. Kolagröf

Í um 90 m fjarlægð austan við kvíar [3405-4] er niðurgröftur [3405-5] sem virðist vera sporöskjulaga kolagröf. Kolagröfin liggur NA-SV og er um 3,3 m á lengd og um 2,6 m á breidd. Innanmál kolagrafarinnar er um 1,5 m í þvermál. Kolagröfin hefur skarpar brúnir og er gróin lyngi og sinu, um 0,7 m djúp.




Mynd 9. Horft til norður yfir kolagröf 3405-5.

²⁵ Örnefnaskrá Keldhóla frá 1992, bls. 4-5.

Selminjar í Seli

Í örnefnaskrá Keldhóla frá 1970 segir: „Bak við Timburhöfða, milli hans og fjalls, er dalskora, kölluð Timburhöfðadalur. Neðan við Timburhöfða eru rústir af beitarhúsum, kallaðar Sel. Neðan við Selið er dæld sem heitir Selgonta. Milli Timburhöfðabotns og Rafnshöfðabotns rennur smálækur kallaður Sellækur.“²⁶

Í örnefnaskrá Keldhóla frá 1992 segir: „Innan við Timburhöfða eru Rafnshöfðar, Ytri- og Innri. Timburhöfðadalur er bak við alla höfðana og heitir Rafnhöfðabotn innst við Hnausa. Milli Timburhöfða og Ytri-Rafnshöfða rennur Sellækur niður að Seli, sem er framan og neðan við Timburhöfðann. Þar eru nú greinilegar tóftir eftir beitarhús, talsverður túnbali í kring, og mikill



Mynd 10. Loftmynd frá 1989 af selminjum í Seli í landi Keldhóla. Af Minjavefsjá - map.is.

túngarður utan um. Þessi beitarhús hafa verið byggð upp úr rústum sels, en ekkert er þó vitað um tilvist þess.“²⁷

²⁶ Örnefnaskrá Keldhóla frá 1970, bls. 3.

²⁷ Örnefnaskrá Keldhóla frá 1992, bls. 4-5.

3405-6. Garðlag. Túngarður


Í nálægð við skógræktarsvæðið eru vel greinilegar minjar á Seli, norðan við Sellæk. Þar er sporöskjulaga túngarður [3405-6], á um 83 m löngu og um 60 m breiðu svæði. Túngarðurinn er um 190 m langur og um 0,8-1,5 m breiður og vel greinanlegur. Hann er sinu- og mosavaxinn og um 0,5-1,7 m hár. Það hve mishár hann er bendir til þess að hann hafi verið nýttur á löngu tímabili og torf hlaðið í hann oftar en einu sinni. Hægt var að greina steina í hleðslu til N þar sem garðurinn var rofinn. Í rofinu var einnig hægt að greina grænleita gjósku sem virðist undir garðinum og gæti verið V-940. Í túngarðinum virðast hafa verið inngangar á fjórum stöðum til norðurs og vesturs. Innan túngarðsins er mjög þýft. Hluti garðsins virðist hafa horfið til suðurs í barði hjá Sellæk, líklega tengt vatnavöxtum. Innan miðju túngarðs [3405-6] er illgreinanlegur og útflattur túngarður sem liggur frá austri til vesturs [3405-7].




Mynd 11. Horft til austurs eftir túngarði 3405-6.

3405-7. Garðlag. Túngarður

Innan miðju túngarðs [3405-6] er illgreinanlegur og útflattur túngarður sem liggur frá austri til vesturs. Túngarður [3405-7] virðist vera eldri en [3405-6]. Túngarður [3405-7] er vel greinanlegur á loftmynd (sjá mynd 10) frá 1989. Hann er vel sokkinn, um 0,1-0,2 m hár, um 32 m langur og um 1,2 m til 1,8 m breiður.



Mynd 12. Horft til vesturs yfir túngarð 3405-7.



3405-8. Tóft. Ópekkt

Innan túngarðs [3405-6] er vel sokkin tóft [3405-8]. Tóftin liggur frá A-V, er 4,8 m löng og 3,8 m breið. Innanmál tóftar frá N-S er um 2 m og inngangur í tóftinni er til austurs. Veggir eru um 0,8-1 m breiðir og hæð veggja er um 0,3-0,4 m.



3405-9. Tóft. Beitarhús

Innan túngarðs [3405-6] er vel greinanleg steinhlaðin og sinugróin tóft [3405-9]. Tóftin liggur frá A-V, er 17 m löng og 12 m breið. Veggir eru frá 0,5-1,2 m háir og um 2-2,5 m breiðir. Í tóftinni eru fjögur rými. Úr inngangi til vesturs er gengið inn í rými sem er 2,7 m breitt og 4,8 m langt að innanmáli. Þaðan



Mynd 15. Horft til austurs yfir 3405-9.

er gengið inn í lítið rými til austurs sem er um 1,5 m langt og 3 m breitt að innanmáli. Enn lengra inn af því rými til austurs er þriðja rýmið sem lítur út eins og heygeymsla, um 2,2 m langt og 3,3 m breitt. Til norðurs er fjórða rýmið sem er 5 m langt og 2,5 m breitt, inngangur líklega til norðurs en ógreinilegur á vettvangi.

Samkvæmt örnefnaskrá Keldhóla voru beitarhúsin byggð upp úr rústum sels, en ekkert er þó vitað um tilvist þess.²⁸



Mynd 16. Drónamynd af tóftum beitarhúss 3405-9.

²⁸ Örnefnaskrá Keldhóla frá 1992, bls. 4-5.



Mynd 17. Uppmældar tóftir 3405-8, 3405-9 og 3405-10 innan túngarðs 3405-6. Til austurs glittir í leið 3405-19.

3405-10. Tóft. Óþekkt

Innan túngarðs [3405-6] er illgreinanleg og þýfð tóft [3405-10]. Tóftin liggur frá SA-NV, er 7,2 m löng og 4,5 m breið. Innanmál um 5 x 2,5 m. Veggir eru um 0,3 m háir og um 0,6-1,5 m breiðir. Hugsanlega er inngangur til SA en hann var ekki skýr og því ekki mældur upp.



Mynd 18. Horft til norðurs yfir tóft 3405-10.



Mynd 19. Horft til norðvesturs yfir 3405-11.



Mynd 20. Tóft 3405-11.

3405-11. Tóft. Óþekkt

Innan túngarðs [3405-6] er sinuvaxin og sokkin tóft [3405-11]. Tóftin liggur frá N-S, inngangur til S. Tóftin er um 6,2 m löng og 5 m breið. Innanmál frá A-V er um 3 m. Veggir eru um 0,3-0,4 m háir og um 0,4-1,7 m breiðir.



Mynd 21. Horft til norðurs yfir 3405-11.

3405-12. Niðurgröftur. Kolagröf

Á Timburhöfða, austan við túngarð [3405-6] og minjar í Seli er sporöskjulaga niðurgröftur [3405-12] sem er að öllum líkindum kolagröf. Kolagröfin er að þvermáli um 4,3 m, um 2,5 m að innanmáli og er gróin sinu og lyngi. Niðurgröfturinn er um 0,5 m djúpur.

Yfirborðið á Timburhöfða er talsvert mikið uppblásið. Hugsanlega hafa verið fleiri kolagrafir á Timburhöfða sem gætu hafa horfið í gróðurrofi.



Mynd 22. Horft til norðurs yfir 3405-12.



Mynd 23. Fimm kolagrafir á Rafnshöfða.

3405-13. Niðurgröftur. Kolagröf

Á Rafnshöfða eru sex kolagrafir í lyngi og mosagrónum móa við leið [3405-20]. Niðurgröftur [3405-13], líklega kolagröf, er 1,8 m í þvermál og um 0,7 m að innanmáli. Niðurgröfturinn er um 0,3 m djúpur.



Mynd 24. Horft til norðvesturs yfir 3405-13.

3405-14. Niðurgröftur. Kolagröf

Á Rafnshöfða eru sex kolagrafir í lyngi og mosagrónum móa við leið [3405-20]. Niðurgröftur [3405-14], líklega kolagröf, er 1,5 m í þvermál og um 0,5 m að innanmáli. Niðurgröfturinn er um 0,4 m djúpur.



Mynd 25. Horft til norðurs yfir 3405-14.

3405-15. Niðurgröftur. Kolagröf

Á Rafnshöfða eru sex kolagrafir í lyngi og mosagrónum móa við leið [3405-20]. Niðurgröftur [3405-15] er tvöföld kolagröf sem liggur A-V, er 3 m í þvermál og er um 0,8 m að innanmáli. Niðurgröfturinn er um 0,3 m djúpur.



Mynd 26. Horft til vesturs yfir 3405-15.

3405-16. Niðurgröftur. Kolagröf

Á Rafnshöfða eru sex kolagrafir í lyngi og mosagrónum móa við leið [3405-20]. Niðurgröftur [3405-16], líklega kolagröf sem er 1,8 m í þvermál og um 0,6 m að innanmáli. Niðurgröfturinn er um 0,3-0,4 m djúpur. Í kolagröfinni vex birkihrísli.



Mynd 27. Horft til norðvesturs yfir 3405-16.

3405-17. Niðurgröftur. Kolagröf

Á Rafnshöfða eru sex kolagrafir í lyngi og mosagrónum móa við leið [3405-20]. Niðurgröftur [3405-17], líklega kolagröf sem liggur A-V, er 3 m í þvermál og um 0,8 m að innanmáli. Niðurgröfturinn er um 0,3 m djúpur.



Mynd 28. Horft til norðvesturs yfir 3405-17.

3405-18. Niðurgröftur. Kolagröf

Á Rafnshöfða eru sex kolagrafir í lyngi og mosagrónum móa við leið [3405-20]. Niðurgröftur [3405-18], líklega kolagröf sem er um 2,5 m í þvermál og um 0,7 m að innanmáli. Niðurgröfturinn er um 0,3 m djúpur.




Mynd 29. Horft til norðvesturs yfir 3405-18.

3405-19. Gata. Leið

Frá minjunum í Seli liggur um 300 m leið [3405-19] frá suðvestri til austurs yfir Timburhöfða á talsvert uppblásnu svæði. Leiðin er sumsstaðar um 0,4-0,5 m breið en kvíslast svo í fleiri slóða, í heildina allt að 4 m breiða. Leiðin er því mæld upp sem fláki í stað línu. Líklega er um reiðleið að ræða. Kolagröf [3405-12] er norðan við leið [3405-19]. Hugsanlega hafa verið fleiri kolagrafir nálægt leiðinni sem gætu hafa blásið upp í gróðurrofi.



Mynd 30. Horft til norðausturs yfir leið 3405-19.



Mynd 31. Á drónamyndinni má sjá snævi þakta leið 3405-19 kvíslast upp til norðausturs frá selminjum á Seli. Einnig glittir í leið 3405-27 sem liggur frá norðaustri til suðvesturs frá Sellæk og selminjum í Seli.

3405-20. Gata. Leið

Á Ytri-Rafnshöfða og Innri-Rafnshöfða liggur leið [3405-20] frá V-A í átt að Rafnshöfðabotn. Leiðin kvíslast svo í tvær kvíslir frá N-S. Í heildina liggur leiðin um 410 m langt og um 0,5 m langt svæði á Rafnshöfðum. Kolagrafir [3405-13], [3405-14], [3405-15], [3405-16] og [3405-17] eru allar nálægt leið [3405-20].



Mynd 32. Horft til suðurs yfir 3405-20 hjá Innri-Rafnshöfða.

3405-21. Gata. Leið

Leið [3405-21] liggur frá N-SA í gegnum leið [3405-2]. Hún kvíslast síðan í tvo hluta vestan við leið [3405-2] og liggur síðan til suðausturs í gegnum Svarðarmýri og Spóabyggðir. Leiðin nær samtals um 620 m langt og um 0,5 m breitt svæði. Leið [3405-22] er líklega framhald af leið [3405-21] en á rofnu svæði á milli þeirra er ekki hægt að greina leiðina lengur.



Mynd 33. Horft til austurs yfir 3405-21.

3405-22. Gata. Leið

Leið [3405-22] liggur frá V-A í gegnum leið [3405-20] á Rafnshöfðabotni. Leiðin nær samtals um 270 m langt og um 0,5 m breitt svæði. Leið [3405-22] er líklega framhald af leið [3405-21] en á rofnu svæði á milli þeirra er ekki hægt að greina leiðina lengur.



Mynd 34. Horft til austurs yfir 3405-22.



Mynd 35. Drónamynd af leið 3405-23 sem liggur frá SA-NV frá minjum í Seli. Einnig er hægt að greina túngarð 3405-6 og hluta af leið 3405-19.

3405-23. Gata. Leið

Frá minjunum í Seli liggur um 320 m leið [3405-23] frá NV-SA yfir Selgontu á talsvert uppblásnu svæði. Leiðin er sumsstaðar um 2 m breið en kvíslast svo í fleiri slóða, í heildina allt að 10,5 m breiða. Leiðin er því mæld upp sem fláki í stað línu. Líklega er um reiðleið að ræða.



Mynd 36. Horft til austurs yfir 3405-23.

3405-24. Gata. Leið

Á Skarðsásam er hægt að greina leið [3405-24] sem liggur í grónu mólendi frá V-A. Leiðin innan skráningarsvæðisins er greinanleg á um 55 löngu og um 0,5 m breiðu svæði og tengist leið 3014-006 sem skráð var í fornleifaskráningu frá 2023.²⁹



Mynd 37. Horft til austurs yfir 3405-24.

3405-25. Gata. Leið

Sunnan við Fremstabotnstjörn er hægt að greina leið [3405-25] sem liggur í grónu mólendi frá A-V. Leiðin er greinanleg á um 50 löngu og um 0,5 m breiðu svæði.



Mynd 38. Horft til austurs yfir 3405-25.

²⁹ Guðný Zoëga. (2023). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Unalækjar á Völlum, Múlaþingi.“ Rannsóknarskýrslur 2023/6, bls. 6.

3405-26. Niðurgröftur. Kolagröf

Sunnan við Fremstabotnstjörn er hægt að greina niðurgröft [3405-26], líklega sporöskjulaga kolagröf, sem er um 2,6 m í þvermál og um 1,3 m að innanmáli. Niðurgröfturinn er um 0,6-0,7 m djúpur.



Mynd 39. Horft til norðurs yfir 3405-26.

3405-27. Gata. Leið

Frá minjunum í Seli er hægt að greina leið [3405-27] á um 120 m löngu frá N-S. Hægt er að greina leiðina vel til hægri á mynd 30.



Mynd 40. Horft til vesturs yfir svæðið þar sem leið 3405-27 var mæld upp.

3405-28. Gata. Leið

Frá minjunum í Seli er hægt að greina leið [3405-27] á um 120 m löngu frá N-S. Hægt er að greina leiðina vel til hægri á mynd 30.



Mynd 41. Horft til norðurs yfir 3405-28.

ID.	Teg.	Hlutverk	Hætta v. tilefnis	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3405-1	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713238.688	531226.986
3405-2	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713216.5341	531153.3485
3405-3	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713194.5085	531144.7100
3405-4	tóft	kvíar	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713205.6163	531133.3628
3405-5	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713301.9461	531093.6953
3405-6	garðlag	túngarður	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713413.5930	531004.7126
3405-7	garðlag	túngarður	<u>Ekki í hættu</u>	illgreinanlegar	870-1900	713425.3212	530987.5170
3405-8	tóft	óþekkt	<u>Ekki í hættu</u>	illgreinanlegar	870-1900	713449.9849	530981.0287
3405-9	tóft	beitarhús	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713452.1500	530969.8641
3405-10	tóft	óþekkt	<u>Ekki í hættu</u>	illgreinanlegar	870-1900	713435.3125	530962.6344
3405-11	tóft	óþekkt	<u>Ekki í hættu</u>	illgreinanlegar	870-1900	713414.18990	530965.67349
3405-12	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713486.5141	531001.3880
3405-13	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713534.5979	530811.8443
3405-14	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713534.56767	530807.39545
3405-15	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713530.1085	530808.7345
3405-16	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713527.98687	530810.88756
3405-17	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713527.47097	530808.57027
3405-18	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713474.8793	530765.6311
3405-19	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713589.2732	531054.3133
3405-20	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713511.7457	530835.4318
3405-21	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713104.1681	530895.9485
3405-22	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713424.2984	530707.8134
3405-23	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713402.902	531087.059
3405-24	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	712119.414	531405.042
3405-25	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	712211.3269	531571.2189
3405-26	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	712258.8099	531571.9907
3405-27	niðurgröftur	kolagröf	Í hættu	greinanlegar	870-1900	713331.845	530878.622
3405-28	gata	leið	Í hættu	greinanlegar	870-1900	712351.898	531811.198

Tafla 1.

Niðurstaða

Mældar voru upp tuttugu og átta friðaðar minjar að Keldhólum. Á skráningarsvæðinu í landi Keldhóla var hægt að greina á vettvangi fornar selminjar með hringlaga túngarði [3405-6] í kring; þ.e. tóft [3405-7], garðlag [3405-8], tóft [3405-10], tóft [3405-11] og tóft [3405-9] (sem síðar voru nýtt sem beitarhús). Einnig fundust kvíar [3405-4] og kolagrafir [3405-3], [3405-5], [3405-12], [3405-13], [3405-14], [3405-15], [3405-16], [3405-17], [3405-18] og [3405-27]. Einnig liggja leiðir um svæðið [3405-1], [3405-2], [3405-19], [3405-20], [3405-21], [3405-22], [3405-23], [3405-24], [3405-25], 3405-26 og [3405-28].

Engar friðlýstar minjar (með 100 m friðlýsingarradíus) fundust á svæðinu. Þar sem heimildir benda til búsetu í nágrenninu frá landnámi og heimildir eru um fornan skóg á svæðinu teljast minjarnar geta verið allt frá landnámstíma.

Í viðauka 1 er fjallað um minjarnar í samhengi við framkvæmdirnar, hvaða hættu stafar að minjunum og til hvaða mótvægisáðgerða hefur verið gripið til vegna þeirra.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands.

Finnur N. Karlsson o.fl. (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar hins Íslenska bókmennafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands.

Guðný Zoëga. (2023). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Unalækjar á Völlum, Múlaþingi.“ Rannsóknarskýrslur 2023/6.

Íslenskt fornbréfasafn. I-XVI. (1857-1972). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Jarðamat 1804: Keldhólar á Völlum. Merkt A.5.a.84. Þjóðskjalasafn Íslands.

Jarðamat 1849-1850. A.5.b.10a-h. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Þjóðminjasafn Íslands.

Landupplýsingagátt (<https://kort.gis.is/mapview/?app=kort>)

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands
(<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>)

Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). „Fornleifaskráning vegna hituveitulagna á Völlum, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur.

Túnakort (1919) fyrir Keldhóla í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, nú Múlaþingi. Teiknari Þorsteinn Stefánsson, Þverhamri. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík (testbirting.manntal.is).

Örnefnastofnun. (1993). *Örnefnaskrá Keldhóla í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu*. Skráð eftir Sigurði Kristinssyni. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði 25. janúar 1993.

Örnefnastofnun. (1970). *Örnefnaskrá Keldhóla í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu*. Skráð eftir Kristni Eiríkssyni. Eiríkur Eiríksson skráði.

Örnefnastofnun. (1992). *Örnefnaskrá Keldhóla í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu*. Sigurður Kristinsson.

Örnefnastofnun. (2013). *Örnefnaskrá Keldhóla í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu. Viðbætur*. Sigurður Kristinsson.

Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis

Mældar voru upp tuttugu og átta friðaðar minjar að Keldhólum. Á bls. 9-11 eru talðar upp heimildir um minjar á jörðinni Keldhólum, til að mynda um gamla bæjarhóllinn og minjar tengdar heimatúni Keldhóla. Flestar eru þær utan fyrirhugaðs skógræktarsvæðisins. Þær minjar sem mældar voru upp teljast flestar vera í hættu vegna skógræktaráforma eins og sjá má í töflu 1. Undantekning er þó á minjum innan túngarðs í Seli. Þær minjar teljast flestar ekki vera í hættu, en þar sem túngarðurinn sem umlykur þær er innan 15 m friðunarmarka friðaðra fornleifa og leiðir sem tengjast minjunum í Seli liggja um fyrirhugað skógræktarsvæði var ákveðið að mæla minjarnar allar upp sem heild í skráningarverkefninu.

Á skráningarsvæðinu í landi Keldhóla var hægt að greina á vettvangi fornar selminjar með hringlaga túngarði [3405-6] í kring; þ.e. tóft [3405-7], garðlag [3405-8], tóft [3405-10], tóft [3405-11] og tóft [3405-9] (sem síðar voru nýtt sem beitarhús). Einnig fundust kvíar [3405-4] og kolagrafir [3405-3], [3405-5], [3405-12], [3405-13], [3405-14], [3405-15], [3405-16], [3405-17], [3405-18] og [3405-27]. Einnig liggja leiðir um svæðið [3405-1], [3405-2], [3405-19], [3405-20], [3405-21], [3405-22], [3405-23], [3405-24], [3405-25], [3405-26] og [3405-28]. Af þessum minjum töldust 24 minjar vera í hættu eins og sjá má í töflu 1. Þær minjar sem töldust ekki vera í hættu vegna fjarlægðar frá skráningarsvæði voru tóft [3405-7], [3405-8], [3405-10] og [3405-11]. Engar friðlýstar minjar (með 100 m friðlýsingarradíus) fundust á svæðinu. Þar sem heimildir benda til búsetu í nágrenninu frá landnámi teljast minjarnar geta verið allt frá landnámstíma.

Sá staður þar sem dýr sem drápuð úr miltisbrandi voru grafin árið 1930 er í um 2 km fjarlægð norðan við fyrirhugað skógræktarsvæði.

Geta má þess mógrafir [3014-001] og [3014-002], sem skráðar voru í fornleifaskráningu árið 2023, erus í um 5 m fjarlægð sunnan við skráningarsvæðið.³⁰ Þar sem búið var að mæla upp fornleifarnar í nýlegri fornleifaskráningu og uppmælingum skilað inn til Minjastofnunar var ekki talin ástæða á að mæla þær fornleifar upp aftur.

Innan skógræktarsvæðisins fundust því tuttugu og fjórar friðaðar minjar sem ber að vernda skv. 22. gr. laga nr. 80/2012 og töldust í hættu vegna áforma um skógrækt. Þær mótvægisáðgerðir sem gripið var til var að mæla upp minjar og ljósmynda þær, eins og komið hefur fram í þessari skýrslu. Einnig er lagt til að gætt verði að því að planta ekki nær skráðum minjum en 15 m.

³⁰ Guðný Zoëga. (2023). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Unalækjar á Völlum, Múlaþingi.“ Rannsóknarskýrslur 2023/6, bls. 6.

Bent er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Hér hefur verið gerð grein fyrir þeim minjum sem stafar hættu af framkvæmdunum og lagðar til mótvægisáðgerðir. Það er þó Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og hvort rannsókn sé þörf áður en framkvæmdir hefjast og er það stofnunarinnar að setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Minjakort

